



Dagsetning: 15. desember 2023  
Málsnúmer: 2309181/7.0

Til bæjarráðs

## MINNISBLAÐ

### *Uppfært erindsbréf starfshóps um fræðslumál*

Á 826. fundi bæjarráðs var umfjöllun um starfshóp um fræðslumál. Formaður hópsins, ásamt fræðslustjóra og sviðsstjóra fjölskyldusviðs fóru yfir þá fundi sem haldnir hafa verið í hópnum og þær sviðsmyndir sem þar hafa verið teiknaðar upp.

Bókun bæjarráðs á fundinum var eftirfarandi:

„Sviðsstjóri fjölskyldusviðs, fræðslustjóri og formaður starfshóps um fræðslumál koma á fundinn og fara yfir stöðu mála við vinnu starfshóps um fræðslumál. Starfshópurinn hefur tekið saman talsvert magn af upplýsingum og sett upp drög af sviðsmyndum. Bæjarráð þakkar fyrir vinnuna sem unnin hefur verið. Nú hefst vinna við stefnumótun á grundvelli þessara gagna og verður uppfært erindsbréfi hópsins lagt fyrir á næsta fundi bæjarráðs, ásamt tilnefningum í hann að nýju. Í framhaldi af vinnu þess hóps verður farið í samráð“

Í kjölfar umræðu á fundinum var bæjarritar og forstöðumanni stjórnsýslu- og upplýsingamála falið að vinna uppfært erindsbréf fyrir hópinn og er það hér meðfylgjandi. Ekki hafa verið gerðar breytingar á markmiðum með vinnu hópsins, eða verkefnum hans, en breytingar gerðar á skipan. Þannig er gert ráð fyrir að hópurinn verði skipaður 5 kjörnum fulltrúum. Þeir eru formaður fræðslunefndar auk fjögurra annara sem skipaðir verða af bæjarráði, tveir frá meirihluta og tveir frá minnihluta.

Þá verður einnig sú breyting að gert er ráð fyrir að fulltrúi leikskólastjóra, fulltrúi grunnskólastjóra, fulltrúi tónlistarskólastjóra og fulltrúi starfsmanna skólaþjónustu, verði ráðgefandi við störf hópsins. Munu sá hópur vera kallaður til eftir því sem vinnu starfshópsins vindur fram.

Starfsmenn hópsins verða eftir sem áður fræðslustjóri og sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Þóráður Vilberg Guðmundsson

forstöðumaður stjórnsýslu- og upplýsingamála

